

Nr. 050 / 12 Selfoss***Skipverji slasast á fæti***

IMO.nr. 8914556
Smíðaður: Danmörku 1991, stál
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW
Mesta lengd: 127 m
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 5.400 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók
Gögn RNS



Selfoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 17. apríl 2012 var Selfoss við bryggju á Grundartanga.

Skipverji var að vinna við lestun og hafði verið að stýra 40 feta gám í sellu en þegar hann steig niður af palli niður á lúgukarm lenti hann með hægri fótinn á járnbrík með þeim afleiðingum að hann missteig sig illa. Farið var með hann til læknis og var hann talinn brotinn í fyrstu en í ljós kom að um mjög slæma tognun var að ræða.

Við rannsókn kom fram:

- að járnbríkin var u.þ.b. 5 sm há og var til að varna því að slor frá gámum rynni yfir ganga í síðunum;
- að bríkin var ryðguð eins og karmurinn sem gerði þetta samlitt;
- að eftir atvikið var ætlunin að mála bríkina gula til auðkenningar;
- að skipverjinn var í öryggisskóm.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.